



FORSENDUR OG MARKMIÐ

FJÁRHAGSÁÆTLUN **2018 til og með 2022**



1. Inngangur

Bæjarráð samþykkti vinnuferli fjárhagsáætlunar á fundi sínum þ. 15. júní 2017. Einn liður í þessari vinnu er að taka saman helstu forsendur fjárhagsáætlunar í eitt skjal svo allir, bæði embættismenn og kjörnir fulltrúar, vinni út frá sömu forsendum.

Í þessu skjali eru sett fram ýmis fjárhagsleg markmið. Þjónustumarkmið birtast hins vegar í starfsáætlunum hvers sviðs. Einnig er hér að finna umfjöllun um helstu viðhaldsframkvæmdir sem vitað er að ráðast þurfi í á næstunni.

Fyrir vinnu við fjárhagsáætlun samþykkti bæjarráð að lágmarks framlegð bæjarsjóðs yrði 10%.

Það er von okkar að þessi samantekt helstu forsenda auðveldi og bæti vinnu við gerð fjárhagsáætlunar Reykjaneshæjar.

Með vinsemd og virðingu

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri.

2. Markmið

Fjármálastjórn Reykjaneshæjar skal ávallt vera í samræmi við lög og reglur sem gilda um fjármál sveitarfélaga á hverjum tíma.

Markmið Reykjaneshæjar við gerð fjárhagsáætlunar 2018 og áætlunar 2018 til og með 2022 byggja annars vegar á fjármálareglum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og hins vegar reglum Reykjaneshæjar um gerð fjárhagsáætlunar.

Reykjaneshæjar starfar eftir aðlögunaráætlun sveitfélagsins sem var samþykkt fyrr á þessu ári í bæjarstjórn og hjá eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga.

Grundvallahlutverk sveitasjóðs, A-hluta Reykjaneshæjar, er að veita íbúum bæjarins góða og skilvirka þjónustu.

2.1 Markmið um þjónustu

Gerð er grein fyrir stefnum, markmiðum og áformum varðandi þjónustu bæjarins í starfsáætlunum fagsviða og fyrirtækja í B-hluta samstæðu bæjarins.

2.2 Markmið um jafnvægi í rekstri A-hluta og samstæðu A og B hluta Reykjaneshæjar

Skylt er að haga fjárhagsáætlun þannig að rekstrargjöld séu fjármögnuð. Í 64. gr. laga nr. 138/2011 er kveðið á um að sveitarstjórn skuli sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Lögin gera þess vegna kröfu um að heildarútgjöld til rekstrar vegna samstæðu skuli á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum (jafnvægisreglan). Þannig má segja að tekjuáætlun til næstu fimm ára marki útgjaldaþol A-hluta og samstæðu A og B hluta.

Þetta markmið felur í sér:

- Að bæði A-hluti og samstæða A og B hluta þurfa á hverju ári að vera rekin með afgangi.
- Að yfir hvert þriggja ára tímabil séu rekstrartekjur A-hluta og samstæðu A og B hluta hærri en rekstrargjöld.



Reykjanesbær verður með tekjuafgang bæði í bæjarsjóði og í samstæðu út tímabilið.

Markmið um jafnvægi í rekstri tengist eftirfarandi þáttum:

- Tekjur – útsvar, fasteignagjöld, þjónustugjöld
- Íbúafjöldi
- Launakostnaður
- Annar rekstrarkostnaður
- Rekstrarniðurstaða skili afgangi til greiðslu skulda og skuldbindinga.

2.3 Markmið um hámark skulda og skuldbindinga í A–hluta og samstæðu A og B hluta Reykjanesbæjar

Rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða A–hluta skal ráðstafað þannig að bærinn geti til framtíðar sinnt skylduverkefnum sínum á hverjum tíma. Þetta felur í sér kröfu um að heildarskuldir og skuldbindingar nemi að hámarki 150% af reglubundnum tekjum, sbr. 64. gr. laga nr. 138/2011. Lagaákvæðið kallar á markmið um hóflega og sjálfbæra skuldsetningu.

Í fjárhagsáætlun 2018 til og með 2022 er áætlað að veltufé frá rekstri á árinu 2018 verði 1.403 m.kr. í A–hluta og fari svo hækkandi til ársins 2022.

Fjárfestingar verði lágmarkaðar við 300 m.kr. og ekki verður farið í að auka skuldir bæjarfélagsins nema brýna nauðsyn beri til. Vegna íbúafjölgunar er gert ráð fyrir byggingu 1. áfanga nýs skóla, Stapaskóla.

2.4 Markmið tengd aðlögun að fjármálareglum sveitarfélaga

Þau sveitarfélög sem uppfylla ekki fjármálareglur sveitarfélaga skv. 64. grein laga nr. 138/2011 er gert skylt að leggja fram áætlun fyrir Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (svokallaða aðlögunaráætlun) um hvernig og hvenær þau ráðgera að uppfylla kröfu um 150% skuldaviðmið. Sveitarfélög fengu 10 ár frá gildistöku laganna til að ná skuldaviðmiði sínu niður.

Reykjanesbær hefur skilað inn aðlögunaráætlun til Eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga og hefur nefndin samþykkt aðlögunaráætlun sveitarfélagsins.

Ársreikningur 2015, útkomuspá 2016, samkomulag við kröfuhafa um endurskipulagningu efnahagsreiknings bæjarins og „Sóknin“ er undirstaða aðlögunaráætlunar bæjarfélagsins sem samþykkt var fyrr á árinu.

2.5 Markmið tengd greiðsluhæfi A–hluta

Greiðslubyrði vegna skulda og skuldbindinga A–hlutans er viðráðanleg á næstu árum. Greiðsluhæfi A–hlutans er í lagi allt tímabilið vegna aukinna útsvarstekna. Hvað varðar næstu ár þá hefur hærri framlegð sem reiknað er með áhrif á greiðslufæðið. Það er samt ekki nægjanlegt að hækka framlegðina heldur þarf einnig að endursemjja um skuldir og skuldbindingar A–hlutans og samstæðu A og B hluta og er búið að semja við kröfuhafa bæjarins. Búið er að endurfjármagna nánast allar skuldir hafnarinnar og verið er að ganga frá samningum vegna leiguskuldbindinga A–hlutans.

2.6 Markmið varðandi fjárhagslegt gagnsæi

Ítarlegar fjárhagslegar upplýsingar um A–hluta skulu vera aðgengilegar fyrir almenning. Þar er átt við að á vef bæjarins verði hægt að nálgast fjárhagsupplýsingar varðandi rekstur bæjarfélagsins:

- Fjárhagsáætlun
- Mánaðarleg rekstraryfirlit



- Árshlutauppgjör
- Ársreikninga
- Viðauka við fjárhagsáætlun

Þar að auki opnaði bærinn bókhald sitt og er það aðgengilegt á vefnum.

3. Framsetning áætlunar og rekstur málaflokka

3.1 Framsetning áætlunar


Frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar samanstendur af rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir A-hluta og samstæðureikning A og B-hluta. Til A-hluta telst bæjarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins, auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð og þjónustumiðstöð. Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru m.a.: Fráveita Reykjanesbæjar, Reykjaneshöfn, Fasteignir Reykjanesbæjar ehf., HS Veitur hf., Hljómahöll-veitingar ehf, Tjarnargata 12 ehf. og fasteignin sem hýsir hjúkrunarheimilið að Nesvöllum.

3.2 Rekstur málaflokka

Markmiðið með verklagi við fjárhagsáætlunargerð er að bæta meðferð fjármuna bæjarins og lágmarka frávik frá fjárhagsáætlun.

Undanfarin ár hefur fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar verið rammaáætlun þar sem málaflokkum og stofnunum eru veittar heildarfjárveitingar. Gengið hefur verið út frá því að stjórnendur sviða og stofnana hafi bestu forsendur til að vinna frekar úr þeim verkefnum sem ákveðið er að framfylgja og leita hagkvæmustu leiða til að framkvæma. Mikilvægt er að ákvarðanatáka sé eins nálægt notendum þjónustunnar og við verður komið. Þannig verður ábyrgð skýrari og ákveðið athafnafrelsi myndast í rekstri málaflokka. Rammaáætlum byggir á samþykktari aðlögunaráætlun til og með ársins 2022. Segja má að aðlögunaráætlun bæjarfélagsins sé fjárhagsáætlun bæjarins út tímabilið.

Fræðslu- og uppeldismál eru sem fyrr langstærsti málaflokkurinn en útgjöld til fræðslumála nema 48% af heildarútgjöldum sveitarfélagsins. Fjölskyldu- og félagsþjónusta er með 13%, íþróttá- og tómstundamál 7%, umhverfis-, umferðar- og skipulagsmál 5%, menningarmál 3% af heildarútgjöldum og brunamál og almannavarnir taka til sín 2%. Sameiginlegur kostnaður nemur 8% af heildarútgjöldum en undir þennan málaflokk falla nefndir og ráð, rekstur ráðhúss, tölvu og upplýsingamál fyrir allar stofnanir. Inni í þessum málaflokki er einnig utanumhald um framlög til Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Þjónustumiðstöð er 2% og eignasjóður er 8%. Lífeyrisskuldbindingar eru 4%.



4. Forsendur fjárhagsáætlunar 2018 og langtímaáætlana

Forsendur fjárhagsáætlunar Reykjanesbæjar fyrir árin 2018 til og með 2022 eru að mestu leyti byggðar á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem birtist í maí 2017. Auk þess tók Samband íslenskra sveitarfélaga saman minnisblað í september 2017.

Úr minnisblaði Sambandsins frá september sl.:

Þjóðhagsspá Hagstofu

Lög um opinber fjármál mæla sérstaklega fyrir um hagrænar forsendur í 8. gr. Segir þar m.a. að byggt skuli á traustum forsendum og gögnum, opinberum hagtölum og þjóðhagsspám. Lögð er áhersla á að gerð skuli grein fyrir forsendum sem byggt er á.

Hagstofu Íslands er falið það verkefni að gera þjóðhagsspár og er fjárlagafrumvarp byggt á sumarspá stofnunarinnar frá 31. maí sl. Stofnunin mun birta nýja spá í nóvember næstkomandi og endanleg fjárlög munu taka mið af þeirri spá. Með sama hætti er ætlast til að sveitarfélögin gangi út frá spám hagstofunnar um efnahag þjóðarbúsins í heild við gerð fjárhagsáætlana og geri grein fyrir þeim forsendum sem stefnumörkunin byggist á eins og segir í 8. gr. laga um opinber fjármál. Í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og



ársreikninga sveitarfélaga segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlunar skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á.

Tafla 1. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2017-2022

Hlutfallsleg magnbreyting milli ára, þ.e. umfram verðhækkanir, nema annað sé tekið fram.

2017 2018 2019 2020 2021 2022

	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Einkaneysla	6,9	5,2	3,4	2,9	2,8	2,5
Samneysla	1,8	1,3	1,2	1,8	1,8	1,8
Fjármunamyndun	9,8	4,0	2,7	2,9	4,8	4,6
Atvinnuvegafjárfesting	8,0	0,5	-0,4	1,3	4,6	5,0
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	20,4	17,2	12,1	7,2	6,1	4,0
Fjárfesting hins opinbera	11,8	5,6	5,7	4,4	3,7	3,4
Þjóðarútgjöld alls	6,4	3,9	2,7	2,6	3,0	2,8
Útflutningur vöru og þjónustu	8,4	4,1	3,4	3,9	3,0	2,4
Innflutningur vöru og þjónustu	9,6	5,8	3,3	3,8	3,9	3,1
Verg landsfraleiðsa (hagvöxtur)	6,0	3,3	2,8	2,7	2,6	2,5
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	5,8	5,0	5,3	5,4	5,0	4,6
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	2,6	2,9	3,4	3,8	4,0	4,0
Vísitala neysluverðs (verðbólga)	1,9	2,7	2,9	2,7	2,6	2,5
Gengisvísitala	-14,1	-3,1	-0,3	0,0	0,0	0,0
Raugengi	16,7	3,4	1,2	0,6	0,4	0,3
Launavísitala	6,7	6,5	5,9	4,6	4,3	4,2
Alþjóðleg verðbólga	1,9	1,9	2,0	2,1	2,1	2,1
Olíuverð	23,2	3,1	0,4	1,0	1,7	1,9

Hagvöxtur. Hagvöxtur er talin hafa orðið 7,4% í fyrra, en fá dæmi eru um svo kröftugan vöxt í okkar hagsögu. Hagstofa Íslands metur hagvaxtarhorfur næstu ára góðar og spáir 6% hagvexti í ár, um 5,2% á því næsta og 2½-3% árin 2019-2022, eins og tafla 1 sýnir. Margt bendir til að hagvöxtur 2017 verði ívið lægri en júnispá gerði ráð fyrir og rétt að vekja athygli á að seðlabankinn lækkaði hagvaxtarspá sína um rösklega eitt prósentustig, úr 6,3% í 5,2%, í ágúst sl.

Tafla 1 sýnir að vænst er vaxandi fjárfestinga í íbúðarhúsnæði á næstu árum sem og opinberum fjárfestingum. Hins vegar spáir hagstofa að hægji á vexti fjárfestingar atvinnuveganna, eftir mikinn vöxt nokkur undanfarin ár.

Ferðaþjónustan hefur skipt þjóðarbúið sköpum undanfarin ár. Spá hagstofu byggir á áframhaldandi vexti ferðaþjónustu, þótt þeirri forsendu sé ekki gefið tölulegt gildi.

Vísitala neysluverðs byggir á könnun á útgjöldum heimila og tekur þannig til vöru og þjónustu sem heimilin kaupa, þ.m.t húsnæðiskostnaður. Verðbólga hefur verið lág undanfarin ár. Lítil verðbólga í viðskiptalöndum, lágt olíuverð og hækkun gengis krónunnar hafa vegið upp innlendan verðbólguþrýsting. Hagstofan gerir ráð fyrir að verðbólga vaxi lítillega næstu tvö árin, verði 2,7% á næsta ári og 2,9% á þar næsta og um 2½ síðustu ár spátímabilsins. Hækkun



vísitölu neysliverðs má nota sem almenna vísbendingu um verðbreytingar, t.d. margvíslegrar rekstrarvöru.

Undanfarin ár hefur húsnæðiskostnaður verið afgerandi þáttur í hækkun vísitölnnar. Hagstofan birtir reglulega vísitölu neysliverðs án húsnæðis og skv. þeim mælikvarða var verðbólga á miðju ári 2017 neikvæð um 3%, samanborið við hækkun vísitölu um 1,5% með húsnæðislið. Hagstofan spáir þó aðeins fyrir um vísitöluna í heild.

Gengi. Í litlu opnu hagkerfi er gengi krónunnar lykilstærð og ræður miklu um verðlagsþróun. Skuldir A-hluta sveitarfélaga í erlendri mynt eru litlar, en öðru máli gegnir um mörg B-hluta fyrirtæki. Hagstofan reiknar með að krónan styrkist áfram og gengisvísitalan (verð erlendra gjaldmiðla) lækki um rösklega 14% á þessu ári og 3% á því næsta. Gengisþróunin hefur mikil áhrif á afkomu margra sveitarfélaga, einkum þar sem sjávarútvegur er undirstaða atvinnulífs.

Atvinna. Atvinnuleysi hefur áhrif á félagsleg útgjöld, s.s. fjárhagsaðstoð. Mikil umskipti hafa orðið á vinnumarkaði á undanförunum árum. Atvinnuleysi skv. vinnumarkaðskönnun hagstofu hefur helmingast frá því það náði hæstum hæðum árið 2010. Spá hagstofu gerir ráð fyrir að atvinnuleysi verði 2,9% á næsta ári á landinu öllu og aukist lítillega á næstu árum. Atvinnuþátttaka, samtala þeirra sem eru starfandi og atvinnulausir í virkri atvinnuleit, hefur vaxið, samfara aukinni vinnuafleiftirspurn. Hagstofa birtir ekki spá um starfandi fólk.

Launavísitala. Útsvarstekjur ráðast fyrst og fremst af þróun launatekna í sveitarfélaginu og launakostnaður vegur þungt í útgjöldum sveitarfélaga. Hagstofan gerir ráð fyrir að launavísitala hækki um 6,5% frá 2017 til 2018. Felur það í sér að kaupmáttur launa vaxi um 3,7% og árið eftir um 3%.

Kaupmáttur launa mun síðan vaxa árlega um 1,7-1,8% síðustu ár spátímabilsins gangi spáin eftir.

Óvissa

Spá Hagstofu er sett fram sem breyting á föstu verðlagi með einum aukastaf sem gæti bent til að mikil vísitala sé um að spáin muni ganga eftir. Svo er þó ekki enda spár jafnan óvissu undirorpnar. Meðal helstu óvissuþátta má nefna:

Kjarasamningar. Gangi forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði ekki eftir gætu samningar almennum markaði orðið lausir í apríl nk.

Gengi krónunnar og verðbólga. Óvissa er jafnan um gengisþróun, en áhrif gengis á verðbólgu eru umtalsverð.

Alþjóðleg efnahagsþróun. Horfur í heimsbúskapnum eru ívið bjartari en undanfarin ár, en óvissa er áfram mikil.

Olíuverð. Spár gera ráð fyrir hóflegri verðhækkun, en óvissan er töluverð.

Ferðaþjónusta. Landsmenn hafa lagt mikið undir í ferðaþjónustu og væntingar eru um áframhaldandi vöxt á næstu árum. Verðþróun



innanlands og gengi krónunnar gætu sett strik í þau áform.

Sjávarútvegur. Sem fyrr er óvissa um afla, einkum er varðar uppsjávarfiska.

Stóriðjuframkvæmdir. Ýmis verkefni eru fyrirbyggjandi og mislangt komin. Óvíst er í hvaða mæli þau koma til framkvæmda og hvenær.

Fjármálareglur

Tvær fjármálareglur voru lögfestar í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Þær eru jafnvægisregla og skuldaregla. Eftirlitsnefnd sveitarfélaga hefur eftirlit með að sveitarfélögin uppfylli ákvæði fyrrgreindra reglna og setji upp aðlögunaráætlanir gerist þess þörf. Fjármálareglurnar eru:

Jafnvægisreglan. Samanlögð heildarútgjöld A- og Bhluta til rekstrar séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Skuldareglan. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og Bhluta séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Jafnvægisreglan kveður á um að samanlögð niðurstaða fyrir næstliðið ár, áætluð rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár og fjárhagsáætlun fyrir næsta ári sé jákvæð fyrir samtæðuna. Í þessu felst að niðurstaða fjárhagsáætlunar næsta árs sé í reynd gefin stærð.

Bæjarfélagið tók tillit til ofangreindra atriða við gerð fjárhagsáætlunar 2018 til og með 2022 auk þess að líta til aðlögunaráætlunar út árið 2022.

4.1 Þróun skatttekna


Skatttekjur hafa aukist milli ára. Útsvarsprósentan er lækkuð úr 15,05% í 14,52% á árinu 2018 skv. samþykktari aðlögunaráætlun. Útsvarsprósentan færðist úr 14,52% í 15,05% á árinu 2015 sem skýrir þá miklu hækkun sem varð milli ára.



	Rauntölur árið 2014	Rauntölur árið 2015	Rauntölur árið 2016	Viðaukaáætlun 2017	Rammar 2018
Útsvar	5.257.548.907	6.242.640.710	7.315.775.545	7.800.000.000	8.350.000.000
Samtals	5.257.548.907	6.242.640.710	7.315.775.545	7.800.000.000	8.350.000.000
	4%	19%	17%	7%	7%
	Rauntölur árið 2014	Rauntölur árið 2015	Rauntölur árið 2016	Rauntölur 19.10.2017	Rammar 2018
Fasteignaskattur	917.892.857	1.166.842.081	1.288.442.166	1.411.243.703	1.550.000.000
	6%	27%	10%	10%	10%
	Rauntölur árið 2014	Rauntölur árið 2015	Rauntölur árið 2016	Viðaukaáætlun 2017	Rammar 2018
Jöfnunarsjóður	1.800.557.083	1.964.842.081	2.316.798.248	2.150.000.000	2.225.000.000
	16%	9%	18%	-7%	3%
	Rauntölur árið 2014	Rauntölur árið 2015	Rauntölur árið 2016	Rauntölur 19.10.2017	Rammar 2018
Lóðarleiga	153.759.453	165.051.562	191.902.157	212.535.725	215.000.000
	2%	7%	16%	11%	1%
	Rauntölur árið 2014	Rauntölur árið 2015	Rauntölur árið 2016	Áætlað 2017	Rammar 2018
Samtals skatttekjur	8.129.758.300	9.539.376.434	11.112.918.116	11.573.779.428	12.340.000.000
Breyting milli ára	7%	17%	16%	4%	7%
Íbúafjöldi	14.924	15.233	16.359	16.770	18.230
	Árið 2014	Árið 2015	Árið 2016	Áætlað 2017	Rammar 2018
Skatttekjur/íbúa	544.744	626.231	679.315	690.148	676.906
Útsvar/íbúa	352.288	409.810	447.202	465.116	458.036

4.2 Íbúafjölgun

Gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun að íbúar verði 17.700 í lok árs 2017 og að íbúafjölgun verði 3% árin 2018 og 2019 og verði eftir það 2,5%. Þann 31. október 2017 voru íbúar bæjarins orðnir 17.623.



4.3 Þróun launakostnaðar

Gert er ráð fyrir 1% launaskriði vegna m.a. starfsaldurs. Settar voru inn kjarasamningshækkningar skv. gildandi kjarasamningum.

	Bæjarsjóður														
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Laun og launat gj	1.688	1.812	1.774	2.011	2.282	2.489	2.920	3.193	3.275	3.507	3.825	4.158	4.624	5.069	5.353
Lífeyrisskuldþinging	393	213	183	185	341	189	238	154	86	269	188	307	489	507	1.021
	2.081	2.025	1.957	2.196	2.623	2.678	3.158	3.347	3.361	3.776	4.013	4.465	5.113	5.576	6.374
Fjöldi stöðugilda	529	527	520	562	562	565	635	606	603	626	649	680	708	712	718
Starfsmannafjöldi	614	619	633	729	765	789	849	758	751	749	761	797	809	720	728

Skv. minnisblaði Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa fjölmargir kjarasamningar verið gerðir við hin ýmsu stéttarfélag starfsmanna sveitarfélaga á síðastliðnum tólf mánuðum. Gildistími þessara samninga er að jafnaði til 31. mars 2019.

Úr minnisblaði Sambandsins frá september sl.:

Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði, þ.e. milli SA og aðildarfélaganna ASÍ, frá október 2015 var samið um tilteknar forsendur og kveðið á um að meta skuli í febrúar hvert ár samningstímans hvort forsendur hafi staðist. Samkomulag varð milli aðila um að ekki skyldi koma til uppsagnar í febrúar sl. Sú ákvörðun byggði á því að tvær af þremur forsendum samningsins hefði staðist, en sú þriðja, að launastefna ASÍ og SA verði stefnumarkandi fyrir aðra kjarasamninga, hafi brostið. Samningsaðilar munu endurmeta þessa forsendu í febrúar n.k. Komi ekki til uppsagnar af þessum sökum munu kjarasamningarnir vera í gildi til loka árs 2018.

Gildistími kjarasamninga á opinbera vinnumarkaðnum er almennt til loka



marsmánaðar 2019. Nokkrar mikilvægar undantekningar eru á þessu. Gerðardómsákvæði í málum 18 aðildarféлага BHM runnu út í lok ágúst sl. og samningar þessara féлага því lausir. Samningar framhaldsskólakennara við ríkið verða lausir í lok október nk. og í lok nóvember verða síðan kjarasamningar við grunnskólakennara lausir.

Samkvæmt árschlutauppgjöri fyrir fyrstu 6 mánuði ársins er launakostnaður skv. uppgjöri eftirfarandi:

Laun og launatengd gjöld								
Málaflokkur		Rauntölur	Áætlun	Mismunur		Ársáætlun	Eftirstöðvar	
02	Fjölskyldu og félagsþjónusta	394.046.680	411.496.094	17.449.414	4,4%	836.610.000	442.563.320	47,1%
04	Fræðslu- og uppeldismál	1.935.574.389	1.900.236.207	(35.338.182)	-1,8%	3.894.585.000	1.959.010.611	49,7%
05	Menningarmál	86.047.734	94.630.000	8.582.266	10,0%	190.110.000	104.062.266	45,3%
06	Íþrótta- og tómstundamál	159.909.153	158.195.000	(1.714.153)	-1,1%	319.225.000	159.315.847	50,1%
07	Brunamál og almannavarnir	0	0	0	0,0%	0	0	0,0%
08	Hreinlætismál	0	0	0	0,0%	0	0	0,0%
09	Skipulags- og byggingarmál	28.561.514	29.410.000	848.486	3,0%	58.820.000	30.258.486	48,6%
10	Umferðar- og samgöngumál	0	0	0	0,0%	0	0	0,0%
11	Umhverfismál	0	0	0	0,0%	0	0	0,0%
13	Atvinnumál	7.653.828	8.599.000	945.172	12,3%	17.350.000	9.696.172	44,1%
21	Sameiginlegur kostnaður	165.261.929	177.532.000	12.270.071	7,4%	395.610.000	230.348.071	41,8%
31	Eignasjóður	12.585.865	14.055.000	1.469.135	11,7%	28.110.000	15.524.135	44,8%
33	Þjónustumiðstöð	55.727.889	80.668.611	24.940.722	44,8%	151.255.000	95.527.111	36,8%
	Samtals	2.845.368.981	2.874.821.912	29.452.931	1,0%	5.891.675.000	3.046.306.019	48,3%

4.4 Þróun annars rekstrarkostnaðar

	Bæjarsjóður														
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Vöru- og þjónustukaup	1.120	1.639	1.589	1.621	1.981	2.367	3.445	3.476	2.304	2.214	2.427	2.886	3.058	2.894	3.066
Styrkir	440	483	506	511	665	868	1.125	1.238	1.213	1.217	1.372	1.560	1.586	1.501	1.448
Afskriftir	78	36	18	23	32	40	49	78	278	291	330	342	356	390	388
Samtals rekstrargjöld	1.638	2.158	2.113	2.155	2.678	3.275	4.619	4.792	3.795	3.722	4.129	4.788	5.000	4.785	4.902
		32%	-2%	2%	24%	22%	41%	4%	-21%	-2%	11%	16%	4%	-4%	2%

Á árinu 2015 var gripið til hagræðingaáðgera skv. Sókninni til að ná niður rekstrarkostnaði hjá hverri stofnun bæjarins.

Ætlaður annar rekstrarkostnaður fyrir fyrstu 6 mánuði ársins án millifærsla og/eða eignfærsla er eftirfarandi:

Vöru- og þjónustukaup								
Málaflokkur		Rauntölur	Áætlun	Mismunur		Ársáætlun	Eftirstöðvar	
02	Fjölskyldu og félagsþjónusta	307.169.512	356.602.451	49.432.939	16,1%	704.275.000	397.105.488	43,6%
04	Fræðslu- og uppeldismál	952.008.451	944.864.631	(7.143.820)	-0,8%	1.813.790.000	861.781.549	52,5%
05	Menningarmál	111.719.352	127.328.136	15.608.784	14,0%	264.695.000	152.975.648	42,2%
06	Íþrótta- og tómstundamál	243.636.526	244.317.889	681.363	0,3%	489.385.000	245.748.474	49,8%
07	Brunamál og almannavarnir	557.172	996.000	438.828	78,8%	2.000.000	1.442.828	27,9%
08	Hreinlætismál	616.806	1.494.000	877.194	0,0%	3.000.000	2.383.194	20,6%
09	Skipulags- og byggingarmál	15.624.672	15.890.000	265.328	1,7%	32.980.000	17.355.328	47,4%
10	Umferðar- og samgöngumál	116.084.295	149.524.285	33.439.990	28,8%	347.900.000	231.815.705	33,4%
11	Umhverfismál	22.387.674	36.902.857	14.515.183	64,8%	79.550.000	57.162.326	28,1%
13	Atvinnumál	4.516.137	1.954.000	(2.562.137)	0,0%	3.850.000	(666.137)	117,3%
21	Sameiginlegur kostnaður	138.621.028	207.171.500	68.550.472	49,5%	378.460.000	239.838.972	36,6%
31	Eignasjóður	315.833.467	252.890.000	(62.943.467)	-19,9%	507.780.000	191.946.533	62,2%
33	Þjónustumiðstöð	8.801.400	14.326.667	5.525.267	62,8%	27.375.000	18.573.600	32,2%
	Samtals	2.237.576.492	2.354.262.416	116.685.924	5,2%	4.655.040.000	2.417.463.508	48,1%



Áætlaðir styrkir og framlög fyrir fyrstu 6 mánuði ársins án millifærslna er eftirfarandi:

Styrkir og framlög								
Málaflokkur		Rauntölur	Áætlun	Mismunur		Ársáætlun	Eftirstöðvar	
02	Fjölskyldu og félagsþjónusta	152.109.286	171.996.364	19.887.078	13,1%	342.195.000	190.085.714	44,5%
04	Fræðslu- og uppeldismál	103.405.758	103.566.485	160.727	0,2%	216.375.000	112.969.242	47,8%
05	Menningarmál	11.222.636	12.617.500	1.394.864	0,0%	25.145.000	13.922.364	44,6%
06	Íþróttu- og tómstundamál	130.194.677	110.917.500	(19.277.177)	-14,8%	219.375.000	89.180.323	59,3%
07	Brunamál og almannavarnir	117.096.750	120.990.000	3.893.250	3,3%	242.000.000	124.903.250	48,4%
08	Hreinlætismál	136.221.362	132.492.000	(3.729.362)	-2,7%	265.000.000	128.778.638	51,4%
09	Skipulags- og byggingarmál	2.100.000	2.100.000	0	0,0%	4.200.000	2.100.000	50,0%
10	Umferðar- og samgöngumál	11.618.259	10.550.000	(1.068.259)	0,0%	21.100.000	9.481.741	55,1%
11	Umhverfismál	20.685.345	20.927.381	242.036	1,2%	42.450.000	21.764.655	48,7%
13	Atvinnumál	4.925.460	5.994.000	1.068.540	21,7%	12.000.000	7.074.540	41,0%
21	Sameiginlegur kostnaður	46.823.181	158.339.000	111.515.819	238,2%	308.750.000	261.926.819	15,2%
31	Eignasjóður	1.140.250	1.710.000	569.750	0,0%	1.420.000	279.750	80,3%
33	Þjónustumiðstöð	1.439.244	1.060.000	(379.244)	0,0%	2.120.000	680.756	67,9%
	Samtals	738.982.208	853.260.230	114.278.022	15,5%	1.702.130.000	963.147.792	43,4%

4.5 Nýframkvæmdir og viðhald

Áætlað er um 300 mkr í nýframkvæmdir á ári skv. Aðlögunaráætlun 2017 til og með 2022 og hafa sviðsstjórar komið sér saman um áherslur næsta árs og kynnt í ráðum. Huga þarf að almennum rekstri og viðhaldi á eignum bæjarins í framtíðinni. Lágmarks viðhald til lengri tíma getur haft áhrif á verðgildi eigna og þar með eignastöðu Reykjanesbæjar.

Nýframkvæmdir - stofnkostnaður 2018:		
Búsetu úrræði - ýmis		25.000.000
Búsetu úrræði fyrir Hses		30.000.000
Húsnæði við Háaleitisskóla - bygging 643-647		12.000.000
Útisvæði við leikskólann Völl		22.000.000
Gamla Búð - ljúka framkvæmdum		8.000.000
Afgreiðslan í Sundmiðstöð		40.000.000
Ýmis hönnunarverkefni		6.000.000
Strandleið		15.000.000
Seltjörn		15.000.000
Njarðvíkurskógar		10.000.000
Fjölskyldugarður við Hringbraut		10.000.000
Nýr segull í Höfnum - Landnám		7.000.000
Umhverfisverkefni (göngustígar, kantsteinar, stéttar)		20.000.000
		220.000.000
Ófyrirséð		80.000.000
		300.000.000



4.6 Reykjaneshöfn

Endurfjármögnun Reykjaneshafnar er að mestu leyti lokið. Reykjanesbær endurfjármagnaði fyrir Reykjaneshöfn með láni frá lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 3,6 milljarða króna sem og að bæjarfélagið tekur af handbæru fjármagni sínu. Meðalvextir á láni frá lánasjóði sveitarfélaga að teknu tilliti til lengd lána og afborgana er 2,75%. Bæjarfélagið bætir svo á 0,75% álag þannig að vextir til Reykjaneshafnar verða 3,5% sem er lækkun úr 6% vöxtum á skuldabréfaflokkum hafnarinnar. Eftir á að ganga frá endurfjármögnun vegna lífeyrissjóðsins Festa.

4.7 Fasteignir Reykjanesbæjar

Verið er að ganga frá að Fasteignir Reykjanesbæjar verði fært yfir í sjálfseignarfélag skv. lögum sem samþykkt voru árið 2016. Við þessa breytingu fara Fasteignir Reykjanesbæjar út fyrir samstæðureikninginn. Í dag sér Velferðarsviðið um úthlutun í félagslegt húsnæði, Umhverfissviðið er með umsjón um viðhald eigna félagsins og Fjármálasviðið Reykjanesbæjar sér um að bóka reikninga og greiða.

4.8 Fráveita Reykjanesbæjar

Útlit er fyrir að ráðast þurfi í umfangsmiklar framkvæmdir í fráveitumálum á næstu árum til viðbótar við 300 mkr í nýframkvæmdir A–hluta.

Fyrir liggur áætlun um framkvæmdir næstu ára og miðast þær við að koma frárennismálum í Reykjanesbæ í viðunandi stand fyrir 2022. Þar fyrir utan þarf að huga að almennu viðhaldi í lögnum bæjarins sem margar hverjar þurfa talsvert viðhald og endurnýjun. Ásbrú er komin inn sem hluti af kerfi bæjarins og er það töluverð aukning á lögnum. Lagt er til að safnað verði í sjóð til framkvæmda á næstu árum til að mæta brýnni þörf á framkvæmdum.

4.9 Aðrar B–hluta stofnanir

Tjarnargata 12 ehf og Þróunarsjóður Reykjanesbæjar runnu saman í eitt félag á árinu 2015 og í fjárhagsáætlun 2018 er gert ráð fyrir að rekstur þeirra tilheyri B–hlutanum.

Víkingaheimar (Íslendingur ehf og Útlendingur ehf). Í júní 2015 var gengið frá leigusamningi vegna starfsemi í húsnæði Útlendinga ehf með kaupréttarákvæði eftir 5 ár. Reykjanesbær rekur því ekki lengur starfsemi í húsnæði Útlendinga ehf. Í fjárhagsáætlun 2018 er ekki gert ráð fyrir rekstri Íslendinga ehf frekar en fyrri ár og rekstur Útlendinga ehf haldi áfram sem B–hluta stofnun. Á árinu 2017 og næstu ár er gert ráð fyrir að Reykjanesbær beri fyrst og fremst ábyrgð á Útlendingi en Reykjanesbær þarf að standa við afborganir lána er tilheyra bæði Íslendingi ehf og Útlendingi ehf.

Rekstur Hljómahallar er bæði undir Eignasjóði og málaflokki 05 (menningarmál). Hljómahöll–Veitingar ehf er einnig til og í fjárhagsáætlun 2018 er gert ráð fyrir þeirri starfsemi undir málaflokki 05 og einnig sem B–hluta stofnun.

5. Ytri fjárhagslegar áhættur A–hluta

Dæmi um ytri fjárhagslegar áhættur:

- Verðbólguáhætta – t.d. hvaða verðbólguástig notað
- Vinnumarkaðsáhætta – t.d. atvinnuleysi
- Skuldabréfaáhætta – t.d. MAGMA
- Lausafjáraáhætta – t.d. er til fjármagn til greiðslu reikninga og afborgana lána
- Áhættur vegna fjárhagslegra samskipta við ríkið – t.d. málefni fatlaðra, hækkun / lækkun tryggingagjalds
- Aðrir óvissuþættir – t.d. Útvarsstekjur, fasteignagjöld, fjárhagsaðstoð,



6. Forsenduyfirlit langtímaspár:

Forsenduyfirlit langtímaspár - rekstrartekjur						
	Spá 2017	2018	2019	2020	2021	2022
Skatttekjur						
Íbúafjölgun	Bráðabirgðatölur 17.700	3,0% 18.230	3,0% 18.780	2,5% 19.250	2,5% 19.730	2,5% 20.220
Atvinnuleysi		Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt
Aldurssamsetning íbúa		Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt
Útsvarshlutfall	15,05%	Lækkun í 14,52%	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt
Fasteignaskattur	A flokkur 0,5% B flokkur 1,32% C flokkur 1,65%	A flokkur 0,48% B flokkur 1,32% C flokkur 1,65%	Óbreytt hlutföll	Óbreytt hlutföll	Óbreytt hlutföll	Óbreytt hlutföll
Uppbygging fasteigna		Fjölgun samkvæmt áætlun	Engin fjölgun, almennar verðlagshækkunarir	Engin fjölgun, almennar verðlagshækkunarir	Engin fjölgun, almennar verðlagshækkunarir	Engin fjölgun, almennar verðlagshækkunarir
Verðlag - launavísitala skv. þjóðhagsspá			5,9%	4,6%	4,3%	4,2%
Verðlag - neysluvísitala skv. þjóðhagsspá			2,9%	2,7%	2,6%	2,5%
Framlög jöfnunarsjóðs						
Framlög	Samkvæmt bráðab. fjárh. Jöfnunarsjóðs	Samkvæmt bráðab. fjárh. Jöfnunarsjóðs	Óbreytt frá fyrra ári	Óbreytt frá fyrra ári	Óbreytt frá fyrra ári	Óbreytt frá fyrra ári
Verðlag - neysluvísitala skv. þjóðhagsspá			2,9%	2,7%	2,6%	2,5%
Aðrar tekjur og óreglulegir liðir:						
RNH vegna US	Tekjur áætlaðar 42 m.kr. á árinu	Skv. aðlögunaráætlun: Reglulegar tekjur: 74 m.kr.	Skv. aðlögunaráætlun: Sama og árið á undan	Skv. aðlögunaráætlun: Sama og árið á undan	Skv. aðlögunaráætlun: Reglulegar tekjur 137 m.kr.	Skv. aðlögunaráætlun: Sama og árið á undan
RNH vegna Thorsil		970 m.kr. eingreiðslur (lödárkaup og framkvæmdir 562 m.kr.) Nettó 408 m.kr.	Skv. aðlögunaráætlun: Reglulegar tekjur: 137 m.kr.	Skv. aðlögunaráætlun: Reglulegar tekjur: 178 m.kr.	Skv. aðlögunaráætlun: Sama og árið á undan	Skv. aðlögunaráætlun: Sama og árið á undan
FR vegna flutningur í HSES félag	Fer úr samstæðu					
Gjaldskrár	Samkvæmt gildandi gjaldskrár	Samkvæmt samþykkt bæjarráðs	Óbreyttar	Óbreyttar	Óbreyttar	Óbreyttar
Verðlag - neysluvísitala skv. þjóðhagsspá			2,9%	2,7%	2,6%	2,5%



Forsenduyfirlit langtímaspár - rekstrargjöld

	Spá 2017	2018	2019	2020	2021	2022
Laun og launatengd gjöld						
Kjarasamningar	Uppreiknað í kjarasamninga haust 2017	Í samræmi við gildandi samninga haust 2017	Í samræmi við gildandi samninga haust 2017	Í samræmi við gildandi samninga haust 2017	Í samræmi við gildandi samninga haust 2017	Í samræmi við gildandi samninga haust 2017
Stöðugildi	Í samræmi við stöðugildi á árinu	Fræðslumál miðað út frá fjölgun barna. Annað samkvæmt ákvörðun bæjarráðs	Viðbót vegna félagsþjónustu, fræðslumála og USK	Viðbót vegna fræðslumála	Viðbót vegna fræðslumála	Viðbót vegna fræðslumála
Verðlag - launavísitala skv. Þjóðhagsspá			5,9%	4,6%	4,3%	4,2%
Annar rekstrarkostnaður						
Hagræðing		Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir
Íbúafjölgun		Samkvæmt áætlun sviðsstjóra	Aukning í fræðslumálum, IT og umferðar- og samgöngumál	Aukning í fræðslumálum	Aukning í fræðslumálum	Aukning í fræðslumálum
Verðlag - neysluvísitala skv. Þjóðhagsspá			2,9%	2,7%	2,6%	2,5%
Fjármagnsliðir						
Vextir	Samkvæmt gildandi lánasamningum haust 2017 og drögum að samkomulagi við kröfuhafa	Samkvæmt gildandi lánasamningum haust 2017 og drögum að samkomulagi við kröfuhafa	Samkvæmt gildandi lánasamningum haust 2017 og drögum að samkomulagi við kröfuhafa	Samkvæmt gildandi lánasamningum haust 2017 og drögum að samkomulagi við kröfuhafa	Samkvæmt gildandi lánasamningum haust 2017 og drögum að samkomulagi við kröfuhafa	Samkvæmt gildandi lánasamningum haust 2017 og drögum að samkomulagi við kröfuhafa
Nýjar lántökur	Endurfjármögnun - vextir LSS 2,75%	Meðalvextir lánasafnsins	Meðalvextir lánasafnsins	Meðalvextir lánasafnsins	Meðalvextir lánasafnsins	Meðalvextir lánasafnsins
Verðlag - neysluvísitala skv. Þjóðhagsspá		3,9%	2,9%	2,7%	2,6%	2,5%



Forsenduyfirlit - endurskiplagning efnahags

	Spá 2017	2017	2018	2019	2020	2021
Eignabreytingar Sala og tilfærslur fasta fjármuna	Eignasjóður: Lækkun leigueigna EFF 1.750 m.kr. Sala fasteigna 227 mkr. FR ehf: Hlutfé selt til Almennar íbúðir HSES, eignasafn: 3.670 T12 ehf: Sala fasteigna 113 mkr.			Vikingaheimar: Sala 204 m.kr.		RNH: Lóðaa afhending skv. drögum að samkomulagi við kröfuhafa 300 mkr.
Langtímakröfur		Í samræmi við ársreikning 2016	Í samræmi við ársreikning 2016	Í samræmi við ársreikning 2016	Í samræmi við ársreikning 2016	Í samræmi við ársreikning 2016
Fjárfestingar Stofnframlög	HSES: 1.060 m.kr.					
Eignasjóður		Grunnfjárfesting 300 m.kr. Fræðslumál 1,5 ma.kr.	Grunnfjárfesting 300 m.kr. Fræðslumál 1,4 ma.kr.	Grunnfjárfesting 300 m.kr. Fræðslumál 100 m.kr.	Grunnfjárfesting 300 m.kr. Fræðslumál 100 m.kr.	Grunnfjárfesting 300 m.kr.
Reykjaneshöfn		300 m.kr. vegna Thorsil og US	300 m.kr. vegna Thorsil og US	300 m.kr. vegna Thorsil og US	300 m.kr. vegna Thorsil og US	
HS Veitur hf.		Í samræmi við áætlun félagsins	Í samræmi við áætlun félagsins	Í samræmi við áætlun félagsins	Í samræmi við áætlun félagsins	Í samræmi við áætlun félagsins
Fráveita		Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.
Afborganir langtímaskulda og skuldbindinga Samkomulag vegna EFF:	EFF skipt í tvö félög: EFF1 - grunnþjónusta EFF5 - söluleignir Lækkun leiguskuldur vegna EFF5 2,2 ma.kr. á árinu 2017	EFF1 bætist við í B hluta, leigugreiðslur í samræmi við fyrri samninga	Leigugreiðslur í samræmi við fyrri samninga	Leigugreiðslur í samræmi við fyrri samninga	Leigugreiðslur í samræmi við fyrri samninga	Leigugreiðslur í samræmi við fyrri samninga
Leigusamningar aðrir en EFF (Reitir og Nesvellir)		Í samræmi við endurskoðaða leigusamninga	Í samræmi við endurskoðaða leigusamninga	Í samræmi við endurskoðaða leigusamninga	Í samræmi við endurskoðaða leigusamninga	Í samræmi við endurskoðaða leigusamninga
Endurfjármögnun RNH	Aðalsjóður: 3,6 ma.kr. lántaka frá LSS með 2,75% meðalvöxtum. Lántökugjald 81 m.kr.	Endurgreiðsla vaxta með ábyrgðarálagi 0,75% eða 3,5% vextir til aðalsjóðs. Afborganir hefjast 2023	Endurgreiðsla vaxta með ábyrgðarálagi 0,75% eða 3,5% vextir til aðalsjóðs. Afborganir hefjast 2023	Endurgreiðsla vaxta með ábyrgðarálagi 0,75% eða 3,5% vextir til aðalsjóðs. Afborganir hefjast 2023	Endurgreiðsla vaxta með ábyrgðarálagi 0,75% eða 3,5% vextir til aðalsjóðs. Afborganir hefjast 2023	Endurgreiðsla vaxta með ábyrgðarálagi 0,75% eða 3,5% vextir til aðalsjóðs. Afborganir hefjast 2023
Stofnun HSES um Fasteignir Reykjanesbæjar	Tilfærsla skulda vegna stofnunar					
Nýjar lántökur	Endurfjármögnun afborgana RNH við LSS 110 m.kr.	Eignarsjóður: 2,0 ma.kr. (30 ár)	Eignarsjóður: 1,7 ma.kr. (30 ár)	Eignarsjóður: 500 m.kr. (30 ár)		
Afborganir annarra langtímaskulda		Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2017	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2017	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2017	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2017	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2017
Lífeyrisskuldbindingar	Útreikningar í árslok 2017 liggja ekki fyrir og stuðst við áætlun hækkunar á árinu.	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2016 og áætlaða hækkun	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2016 og áætlaða hækkun	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2016 og áætlaða hækkun	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2016 og áætlaða hækkun	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2016 og áætlaða hækkun
Annað						
EFF	Bætist í samstæðu B hluta, eigið fé 127 m.kr.	500 mkr arður og RNB fær 50,1% af því að frádrægnum fjárma.tsk.	500 mkr arður og RNB fær 50,1% af því að frádrægnum fjárma.tsk.	500 mkr arður og RNB fær 50,1% af því að frádrægnum fjárma.tsk.	500 mkr arður og RNB fær 50,1% af því að frádrægnum fjárma.tsk.	500 mkr arður og RNB fær 50,1% af því að frádrægnum fjárma.tsk.